

Sþ.

344. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Flateyrarhrepps.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 300 þús. kr. innlent lán fyrir Flateyrarhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Greinargerð.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert áætlun um endurnýjun rafveitunnar í Flateyrarkauptúni, og er gert ráð fyrir, að aflstöðin kosti 208 þús. kr., en rafleiðslukerfið 173 þús. kr., ef leiðslur eru lagðar á stólpum, en 285 þús. kr., ef lagt er í jarðstreng. Hreppsnefnd gerir ráð fyrir að geta lagt fram til verksins um það bil kostnaðinn af aflstöðinni. Ætlazt er til, að hægt verði að tengja rafleiðslukerfið samvirkjun fyrir Vestfirði, þegar til kemur. Áætlun Rafmagnseftirlitsins verður send fjárveitinganefnd.